



LANDBÓTASJÓÐUR NORÐUR HÉRAÐS

Ársskýrsla 2013

Egilsstaðir febrúar 2013

Efnisyfirlit

1	Inngangur	1
2	Heildarstaða uppgræðslunnar 2003 til 2013	1
3	Framkvæmdir árið 2013	1
4	Landgræðsluaðgerðir á heiðinni árið 2013	3
4.1	Brú	3
4.2	Utan Þverár	3
4.3	Hrafnkelsdalur	3
4.4	Skænudalur	3
4.5	Glúmsstaðadalur	3
4.6	Laugavalladalur utar	3
4.7	Hallarfjall	3
4.8	Múli	3
4.9	Grunnavatnsalda	3
4.10	Sænautasel	4
4.11	Jökuldalsheiði milli vega	4
4.11.1	Botnahraun/Langahlíð	4
4.11.2	Jökuldalsheiði milli vega (Toddastykki)	4
5	Landgræðsluaðgerðir á áreyrum Jökulsár á Dal árið 2013	4
5.1	Hólmatunga	4
5.2	Galtastaðir	4
6	Framlag til bænda	5
7	Árangur	5
7.1	Heiðin	5
7.2	Áreyrar	5
7.3	Annað	5
8	Kort af framkvæmdasvæðum	5
9	Framkvæmdaáætlun 2014	11
10	Fundargerðir ráðgjafarnefndar 2013	12
10.1	Fundur ráðgjafarnefndar Landbótasjóðs N-Héraðs	12
10.2	Skoðunarferð um áreyrar Jöklu	13
10.3	Skoðunarferð ráðgjafarnefndar	17
10.4	Skoðunarferð ráðgjafarnefndar á Jökulsáreyrar 24. sept 2013	22

10.5	Skoðunarferð ráðgjafarnefndar á heiðarsvæði, 7. okt. 2013.	28
11	Stjórnarfundargerðir 2013.....	34
11.1	Fundargerð 62. fundar Landbótasjóðs Norður Héraðs 28.02.2013.....	34
11.2	Fundargerð 63. fundar Landbótasjóðs Norður Héraðs 14.03.2013.....	34
11.3	Fundargerð 64. fundar Landbótasjóðs Norður Héraðs 18.11.2013.....	35
12	Ársreikningur 2013.....	36

1 Inngangur

Landbótasjóður Norður-Héraðs var stofnaður af þáverandi sveitarfélagi Norður-Héraði fyrir framlag Landsvirkjunar með það að aðalmarkmiði að græða upp land a.m.k. til jafns við það gróðurlendi sem tapaðist undir Hálslón. Einnig á sjóðurinn að standa að uppgræðslu á áreyrum Jökulsár á Dal en með minnkun vatnsmagns eykst hætta á uppfoki á áreyrum. Með tilkomu Kárahnjúkavirkjunar tapaðist um 32 km² af grónu landi undir Hálsslón. Unnið hefur verið að þessari uppgræðslu frá árinu 2003 aðallega með því að bera tilbúinn áburð á lítt eða ógróið land innan áhrifasvæðis virkjunarinnar og örva þannig náttúrulegan gróður svæðisins. Ráðgjafarnefnd sjóðsins hefur haft umsjón með uppgræðsluaðgerðum, áætlanagerð og árangursmati og verktakar hafa unnið að dreifingu áburðar og fræs eftir því sem við á. Unglingavinnuflokkar Landsvirkjunar hafa og komið að dreifingu áburðar og fræs, aðallega í rofabörð þar sem vélar komast illa að.

2 Heildarstaða uppgræðslunnar 2003 til 2013

Samtals hefur verið unnið að uppgræðslu á vegum Landbótasjóðs N-Héraðs frá 2003. Á þessum árum hafa verið teknir undir 5.520 Ha lands til uppgræðslu. Mikið af því hefur verið farið oft um og jafnvel árvisst um einhverra ára bil en annað þurft (eða fengið) minni stuðning. Yfirleitt er árangur ágætlega áberandi og oft mjög góður. Einnig eru dæmi um svæði þar sem uppgræðsla hefur ekki tekist sem skyldi enn sem komið er. Á það helst við um áreyrnar neðan til í Jökulsá á Dal en flóð í ánni gera uppgræðslu erfiða. Uppgræðslusvæðin eru því mislangt á veg komin í gróðurframvindu.

Í töflu 1 eru tíundaðar helstu stærðir svæða sem farið hefur verið í. Unglingadreifing er innifalin í tölunum þar sem hún á við enda að jafnaði mjög afmarkaðir og brotnir skikar sem þeir sinna. Bændasvæðin eru þau svæði sem einstaka bændur hafa fengið framlög til að sinna á sínum jörðum úr sjóðnum. Heiðin er Jökuldalsheiði, Brúaröræfi, og svæði sem sjóðurinn hefur haft forgöngu um að græða.

Tafla 1: Taflan sýnir heildar umfang svæða sem sjóðurinn hefur komið að.

Stærð unnina svæða, Ha:

Heiði	4.568
Áreyrar	478
Bændadreifing	474
Samtals:	5.520

3 Framkvæmdir árið 2013

Uppgræðsluframkvæmdir á vegum Landbótasjóðs Norður-Héraðs héldu áfram á árinu 2013 með dreifingu á tilbúnum áburði og sáningu á grasfræi á rofsvæðum uppi á heiði og á áreyrum Jökulsár á Dal. Alls var dreift 102 tonnum af áburði á um 680 hektara lands og auk þess handdreift 600 kg af túnvingulsfræi. Áburðartegundin sem var notuð var Sprettur 27-6-6.

Verktakarnir sem unnu við uppgræðsluframkvæmdir Landbótasjóðs N-Héraðs voru Viggó Már Eiríksson sem sá um áburðardreifingu á áreyrum Jöklu, Agnar Benediktsson, Snæbjörn Ólason og Jón Björgvin Vernharðsson sem skiptu með sér áburðardreifingu á heiðinni. Sigurður Jónsson sá um flutninginn á áburðinum. Vegna árferðis fór breiðslan fram rúmlega viku síðar en árið á undan. Unnið var að uppgræðslu á heiðinni dagana 4. júlí til 7. júlí. Á áreyrum við Galtastaði 3. júlí og Hólmatungu 7. júlí.

Unglingavinnuflokkur Landsvirkjunar vann eins og á árunum á undan að uppgræðslustörfum fyrir Landbótasjóð N-Héraðs. Vinna unglinganna hófst þann 2. júlí og lauk þann 26. júlí. Arnór Benediktsson stýrði hópnum og unglingarnir skiptust eitthvað út eftir hverja viku. Unglingarnir stóðu sig mjög vel og er vinna þeirrar mikilvægur hluti í uppgræðslu á rofabörðum og svæðum sem eru illa aðgengileg tækjum.

Bændur/landeigendur sáu í mörgum tilvikum sjálfir um það sem þeim var úthlutað undir liðnum „Framlög til bænda“.

Heyi var dreift á Breiðumörk (rúlludreifing, u.þ.b 160 stk.) og var Landgræðslufélag Héraðsbúa fengið í það verk.

Í töflu 2 má sjá yfirlit yfir þau svæði sem breidd voru og magn áburðar og fræs á hverjum stað fyrir sig. Einnig er vísað til korta af svæðinu.

Tafla 2. Yfirlit yfir landgræðsluaðgerðir Landbótasjóðs N.-Héraðs 2013.

Svæði	Véldreift				Handdreift		
	Stærð	Áburður		Fræ	Stærð	Áburður	Fræ
	ha	tonn	kg/ha	kg	ha	tonn	kg
Heiðin							
Brú	43	6,6	153	0	2	0,6	40
Utan þverár					3	0,3	40
Hrafnkelsdalur	15	2,4	160	0	1	0,6	
Skænudalur	108	11,4	106	0	4	0,9	60
Glúmsstaðadalur			0	0	2	0,6	60
Laugarvalladalur utar	30	4,8	160	0			
Hallarfjall	31	3,0	97	0			
Múli	31	4,8	155	0			
Grunnavatnsalda	60	8,4	140	0	5	1,2	120
Sænaútasel	38	6,0	158	0	1	0,6	20
Botnahraun/Langahlíð	73	10,8	148	0	4	1,2	120
Toddastykki	23	3,6	157	0	4	1,8	120
Svínabúðarlækur	25	3,6	144				
Austan við Poll	15	2,4	160				
Heiðin samtals	492	67,8	138	0	26	7,8	580
Áreyrar Jökulsár							
Galtastaðir (Utan og innan)	30	4,8	160				
Hólmatunga	39	4,8	123	0			
Áreyrar Jökulsár samtals	69	9,6	139	0			
Framlag til bænda	91	16,8	185			0	0
Alls áburður og fræ	652	94,2	144	0	26	7,8	580

4 Landgræðsluaðgerðir á heiðinni árið 2013

Á heiði var breitt 75,6 tonn af áburði á um 518 ha lands. Hluti þess var breitt í rofsvæði og skriður í Hrafnkelsdal og ofarlega í Jökuldal. Þar af var 67,8 tonnum véldreift af verktökum (492 ha) en unglingar frá vinnuflokki Landsvirkjunar handdreifðu 7,8 tonnum (u.þ.b. 26 ha). Auk þess sáði unglingahópurinn 600 Kg af húðuðum túnvingli í rofabörð og skriður.

Það magn af áburði og fræi skiptist á eftirfarandi staði:

4.1 Brú

Breitt var á um 45 Ha í landi Brúar. Lang mest véldreift um miðbik svæðisins, utan og innan girðingar, alls 6,6 tonnum af áburði. Auk þess fóru um 600 Kg í rofabörðum utan Reykjarár, handdreift.

4.2 Utan Þverár

Handdreift var í börðin utan við Þverá um 300 Kg auk fræs.

4.3 Hrafnkelsdalur

Í Hrafnkelsdal var breitt rúmlega 15 Ha svæði á milli Vaðbrekku og Aðalbóls, að langmestu leyti með vélum, 2,4 tonn af áburði en auk þess um 600 Kg handdreift í rofabörð.

4.4 Skænudalur

Breitt var á 108 Ha svæði í Skænudal með vélum, að hluta til á svæði sem ekki hafði verið borið á áður, svæðið teygt til suðvesturs. Á þetta fóru 11,4 tonn af áburði. Auk þess var handdreift tæpu tonni áburðar auk fræs með gömlum vegslóða upp í Skænudal.

4.5 Glúmsstaðadalur

Vinnuflokkur Landsvirkjunar notaði 1 sekk áburðar í rofabörð í dalnum auk fræs.

4.6 Laugavalladalur utar

Breitt var 30 Ha svæði utarlega í dalnum, að mestu það sama og breitt var árið á undan, svæðið stækkað. Að þessu sinni fóru 4,8 tonn af áburði á svæðið.

4.7 Hallarfjall

Uppgræðslusvæðið á Hallarfjalli hefur verið stækkað úteftir á síðustu árum. Breiddir voru 31 Ha og 3 tonn notuð af áburði.

4.8 Múli

Breitt var svæði innan við það sem fékk áburð í fyrra, á svipuðum slóðum og síðast fékk áburð árið 2008 og af og til að hluta síðar. Ábórið svæði er 31 Ha þetta árið og 4,8 tonn áburðar.

4.9 Grunnavatnsalda

Að þessu sinni var breitt á nyrsta hluta öldunnar beggja megin vegar og auk þess u.þ.b. 150 metra breitt belti austan vegar að því svæði sem breitt var sumarið 2012. Svæðið er um 60 Ha og fékk 8,4 tonn af áburði, véldreift.

Áburði og fræi var handdreift í rofabörð á þremur stöðum á þessum slóðum. Við Grunnvatnslæk, við Netsel þar sem átt var við skurð meðfram slóða niður að Ánavatni og í rofabörð utan við Heiðarsel (Ánavatnsháls). Á þetta fór um 1,2 tonn áburðar og ríflega 100 Kg af fræi.

4.10 Sænautasel

Breitt var á svæði innan „gildrunnar“, svæði sem er norðan við það sem breitt var árið 2011 og síðast fékk áburð árið 2010. Þetta árið var farið yfir tæplega 40 Ha og breidd 6 tonn. Auk þess voru um 600 Kg auk fræs notuð í rofabörð á svæði á milli Sænautasels og Skollavíkur í Ánavatni.

4.11 Jökuldalsheiði milli vega

4.11.1 Botnahraun/Langahlíð

Að hluta til sama svæði og fékk áburð árið 2012 var breitt en meginhlutinn fór á svæði austan við Þrívörðuháls sem síðast fékk áburð árið 2008 og að hluta til árið 2010 (næst vegi). Á þetta fór saman 10,8 tonn áburðar og svæðið rúmlega 70 Ha alls sem vélar fóru um. Auk þess var handdreift 1,2 tonnum ásamt rúmlega 100 Kg af fræi í rofabörð á þremur stöðum á svæðinu. Í Lönguhlíð, í Botnahraun og í svæðið austan í Þrívörðuhálsi.

4.11.2 Jökuldalsheiði milli vega (Toddastykki)

Að þessu sinni var áherslan heldur á norðari hluta svæðisins, á líkum slóðum og fékk áburð að hluta árið 2012. Þarna voru breiddir um 23 Ha og notuð 3,6 tonn af áburði í véldreifingu. Auk þess var handdreift 1,8 tonnum ásamt rúmlega 100 Kg af fræi á sömu slóðum í rofabörð sem eru þarna alláberandi frá þjóðveginum.

5 Landgræðsluaðgerðir á áreyrum Jökulsár á Dal árið 2013

Á áreyrar var breitt á um 69 Ha lands og notuð 9,6 tonn af áburði í meginatriðum á 3 svæði sín hvoru megin árinna.

5.1 Hólmatunga

Á Hólmatungu voru breiddir 39 Ha og notuð 4,8 tonn af áburði, í meginatriðum á svipuðum slóðum og undanfarin ár en svæðið er nú heldur stærra.

5.2 Galtastaðir

Tvær eyrar utan og innan við Galtastaði voru breiddar, sömu staðir og árið á undan. Svæðið á innri eyrinni hefur þó stækkað heldur og tengt við það sem breitt var árið 2010. Samanlagt eru þessir blettir 30 Ha og hér um bil jafn stórir hvor. Á þá saman fóru 4,8 tonn af áburði.

6 Framlag til bænda

Nokkrir einstaklingar hafa fengið úthlutað úr sjóðnum til að sinna svæðum í sýnu umhverfi. Í töflu 3 er þessi úthlutun tíunduð. Alls eru þetta átta aðilar sem fá úthlutun og breiddu samtals rúmlega 9 Ha til gróðurstyrkingar. Að mestu unnið með vélum en í tilfelli Þríhyrningsvatns er um handdreifingu að ræða í rofabörð og opnanir.

Tafla 3. Jarðir, tonn

Ketilsstaðir - Dýjafjall	1,8
Teigasel	2,4
Mælivellir	2,4
Hnefildalur	2,4
Merki	2,4
Hákonarstaðir	2,4
Eiríksstaðir	2,4
Þríhyrningsvatn	0,6

7 Árangur

7.1 Heiðin

Heilt yfir var árangur af áburðargjöf sumarsins fremur rýr þetta sumarið en þurrkar sumarsins hafa þó líklega valdið því að áburðargjöfin á mela skilaði sér seint og illa til jarðvegs. Fleiri þættir eru þó ekki útilokaðir eða samspil þeirra, s.s. tími breiðslu og áburður. Tíðarfars vegna var t.d. ekki komist um á vélum fyrr en rúmlega viku síðar en árið á undan. Nyrst á svæðinu mátti þó vel greina áhrif áburðar (Toddastykki t.d.) og líklega hefur svæðið notið meiri úrkomu en mörg önnur á þessum slóðum. Ekki er útilokað að áhrif breiðslunnar muni þó skila sér að einhverju leiti á næsta ári. Áberandi var hvað áburðargjöf síðustu ára (2012 og jafnvel 2011) hafði skilað góðum árangri þetta sumarið. Gróður þar hafði tekið vel við sér í ár, líklega fyrir að svæðin héldu betur raka og áhrifa breiðslu sumarsins á undan gætti enn. Þar sem dreift var með höndum var víðast hvar þokkalegur árangur en rofabörðin sem átt er við eru misjöfn og sum hver mjög erfið í uppgræðslu.

7.2 Áreyrar


Árangur á áreyrunum var víða mjög góður í sumar þar sem gróður á annað borð hafði komist á legg. Flóð sem komu í Jöklu snemma sumars höfðu þó tekið sinn toll af þeirri framvindu sem orðið hafði á fyrri verkum. Í kjölfarið kom svo eitt þurrasta sumar á þessum slóðum um hrið sem einnig hafði áhrif á þann gróður sem átti í hvað mestri keppni um að komast í vatn. Auk þess hafði sandur náð að fjúka inn á og kæfa gróður á sumum svæðunum, sérstaklega á jöðrum. Ummerki um beit, sérstaklega gæsabeit, eru víða. Þar sem aðstæður voru slíkar að vatn ýmist skemmdi ekki eða hamlaði var mjög góð framvinda þetta sumarið og áburðargjöfin skilaði sér ágætlega heilt yfir enda hitastig almennt hagstætt gróðri.

7.3 Annað

Ekki var gerð sérstök úttekt á öðrum svæðum á árinu (bændasvæðin) en samkvæmt lauslegri athugun má segja að almennt hafi árangur verið þokkalegur og jafnvel með besta móti utan til á svæðinu en misjafnari innar. Hefur úrkoma og vatnsbúskapur svæða almennt vafalaust verið þar lang stærsti áhrifavaldurinn.

8 Kort af framkvæmdasvæðum


Meðfylgjandi eru kort sem ná yfir mestan hluta af uppgræðslusvæðum sjóðsins. Þau sýna hvar áherslan hefur verið á dreifingu áburðar frá 2003 (litatónar) og hvar dreift var sumarið 2013.





LANDBÓTASJÓÐUR
NORÐUR HÉRAÐS


LBNH framkvæmdir Brú o.fl.







LANDBÓTASJÓÐUR
NORÐUR HÉRAÐS

LBNH framkvæmdir Jökuldalsheiðin



LBNH frmkvæmdir Botnahraun o.fl.





9 Framkvæmdaáætlun 2014

Á árinu verða keypt 110 tonn af áburði af tegundinni Fjölmóði 2 23-12. Í meðfylgjandi töflu er yfirlit yfir hvernig áætlað er að ráðstafa áburðinum sumarið 2014. Áætlað er að dreifa 500 kg af fræi.

Svæði	Véldreift 2013			Áætlun 2014	
	Stærð	Áburður		Áburður	Sekkir
	ha	tonn	kg/ha	tonn	600 kg
Heiðin					
Hrafnkelsdalur	15	2,4	160	2,4	4
Skænudalur	108	11,4	106	3,6	6
Faxagil				10,2	17
Glúmsstaðadalur			0	2,4	4
Laugarvalladalur utar	30	4,8	160	5,4	9
Hallarfall	31	3,0	97	3	5
Múli	31	4,8	155	4,8	8
Brú	43	6,6	153	6,6	11
Svínabúðarlækur	25	3,6	144	4,2	7
Austan við Poll	15	2,4	160	2,4	4
Grunnavatnsalda	60	8,4	140	8,4	14
Sænautasel	38	6,0	158	6	10
Svæði milli vega	73	10,8	148	10,2	17
Toddastykki	23	3,6	157	3,6	6
Gilsá (Skjöldólfstaðir)				2,4	4
Heiðin samtals	492	67,8	138	75,6	126
Áreyrar Jökulsár					
Galtastaðir (Utan og innan)	30	4,8	160	6	10
Hólmatunga	39	4,8	123	4,8	8
Áreyrar Jökulsár samtals	69	9,6	139	10,8	18
Framlag til bænda	93	16,2	174	16,8	28
Handdreifing		7,2		7,2	12
Alls áburður	654	100,8	154	110,4	184

10 Fundargerðir ráðgjafanefndar 2013

10.1 Fundur ráðgjafarnefndar Landbótasjóðs N-Héraðs

Egilsstöðum, 7.3.2013 kl. 10:00 til 13:00

Mætt: Baldur Grétarsson, Dagbjartur Jónsson og Guðrún Schmidt

Baldur setti fundinn.

Farið var í gegnum uppgræðsluáætlun 2013. Rætt var um ástand hvers svæðis og um leið ákveðið hvar og hvernig á að vinna að uppgræðslu á komandi sumri og hvaða svæði mætti sleppa. Fyllt var út í meðfylgjandi töflu.

Áætlun	2011		2012		2013	
Svæði	áburður tn	fræ kg	áburður tn	fræ kg	áburður tn	fræ kg
Áreyrar	16,2	300 m	10,8		9,0	
Unglingar	7,2	600 tu	7,2	600 tu	7,2	600 tu
Bændur	24,6		17,4		17,4	
Vaðbrekkuháls	0		4,2		0,0	
Hrafnkelsdalur	3,6		3,6		2,4	
Skænudalur	9		0		10,8	
Faxahús	6,6		6		0,0	
Glúmstaðardalur	1,2		1,8		2,4	
Laugarvallardalur	8,4		0		0,0	
Hallarfjall	3		3		2,4	
Laugarvallardalur utar	2,4		3,6		4,8	
Múli	3		2,4		4,8	
Brú	12		10,2		10,2	
Grunnavatnsalda	4,8		4,8		6,0	
Sænautasel	6		6		6,0	
Jökuldalsheiði milli vega	7,2		12		12,0	
Skjöldólfsstaðir með Gilsá	4,8		2,4		2,4	
Eiríksstaðir austan Polls	0	0	0	0	2,4	
Samtals	120	900	95,4	600 tu	100,2	600 tu

Í ljósi reynslunnar með gróðursetningu á bakkaplöntum síðast liðið sumar var rætt um það hvort það ætti næst að prófa að setja niður hnausaplöntur á Veiðieyri og á Surtstaðareyri.

Fleira ekki gert.

Fundargerðina ritaði Guðrún Schmidt

10.2 Skoðunarferð um áreyrar Jöklu

Minnisblað, 25. júní 2013

Vorskoðunarferð ráðgjafarnefndar (Baldurs Grétarssonar, Dagbjarts Jónssonar og Guðrúnar Schmidt) var í seinna lagi eða þann 25. júní 2013 vegna þess að mikil vorflóð hefur verið á þessum slóðum eftir frekar snjóþungan og langan vetur.

Galtastaðæyyrar: Vorflóðið virðist hafa haft a.m.k. töluvert skammtímaáhrif á beringspuntinn sem hefur hingað til verið í góðri framvindu. Áhrif flóðsins á plönturnar og sand- og leirburður setja sinn svip á svæðið. Beringspunkturinn er varla farinn að grænka en yfirleitt greindust græn strá inn á milli þannig að von er um að plönturnar nái sér með tímanum.



Mynd 1: Straumur og sandburður vegna vorflóðs hefur sett sinn svip á beringspuntinn



Mynd 2: Straumur og sandburður vegna vorflóðs hefur sett sinn svip á beringspuntinn

Melgresið á svæðinu virðist hafa staðið flóðið betur af sér. Stærstu hólur hafa staðið upp úr flóðinu en einnig sást töluvert af lifandi melgresiplöntum koma upp úr sandinum sem voru sáð fyrir ári síðan. Lagt er til að bera aftur á allt melgresissvæði, alls 2,4 tonnum af áburði.



Mynd 3: Dagbjartur og Baldur kanna ástandið á melgresinu. Hólarnir eru duglegir við að safna í sig sandi. Í forgrunni má sjá einstök strá koma upp úr sandinum.

Galtastaðareyrar ytri: Á þetta svæði var borið á í fyrsta skipti í fyrra. Árangurinn af því virðist vera góður, gróðurþekjan er að aukast og mikið af blómplöntum dafna vel við áburðargjöf. Flóðið virðist ekki hafa farið að ráði yfir þetta svæði. Lagt er til að borið verður aftur 2,4 tonnum af áburði á sama svæði og í fyrra.



Mynd 4: Áburðaráhrifin eru vel sjáanleg.



Mynd 5: Áburðaráhrifin eru vel sjáanleg.

Hrærekslækjareyrar: Sá gróður sem hefur ávallt staðið upp úr flóðum/yfirfallsvatni lítur ágætlega út og var ákveðið að bera ekki á það svæði í sumar.



Mynd 6: Hrærekslækjareyrar

Áreyrar við Litla Bakka: Töluvert er um vatnsála á svæðinu en þar sem ekki eru álar lítur uppgræðslan vel út.

Veiðieyri: Séð úr fjarlægð virðist sá gróður sem staðið hefur upp úr flóðum dafna vel.

Surtsstaðaeýrar: Gróðurinn var varla farin að grænka og hluti uppgræðslusvæðisins var undir vatni. Elsta uppgræðslusvæðið virðist vera í góðri framför.



Mynd 7 Horft niður á Veiðieyri



Mynd 8. Surtstaðaeýrar



Mynd 9. Surtstaðaeýrar

Áreyrar við Breiðumörk: Áætlað var að dreifa gömlum heyrúllum á eyrinni en vegna vatnavaxta var ekki hægt að komast um hana. Því var heyinu dreift rétt fyrir utan eyrina sjálfa í rofabörð, moldir og mela. Gróðurinn á ysta hluta eyrinnar virðist dafna vel en aðrir hlutar hennar fóru frekar illa í flóðinu.



Mynd 10: Ysti hluti Breiðumarkareyrar



Mynd 11: Innri hluti Breiðumarkareyrar



Mynd 12: Heyþakning sett í rofabörð

Áreyrar við Hólmatungu: Hér hefur gróðurinn almennt staðist flóðið sæmilega en þar sem sandur hefur sest til þarf að styrkja gróðurinn aftur með áburði. Ákveðið var að dreifa í ár 4,2 tonnum af áburði, 3 pokar af áburði innar og 3 pokar utar og tengja þau svæði síðan með einum poka. Við mælistöð hefur verið töluvert landbrot.



Mynd 13: Landbrot við mælistöð

Bændadreifing: Í ferðinni var farið áleiðis á Hellisheiði eystri til að skoða uppgræðslusvæði við Dyjafjallið með Stefáni, bónda á Ketilsstöðum. Ekki var fært inn á svæðið vegna snjóa og bleytu en úr fjarska mátti vel greina áburðaráhrifin í vaxandi gróðurhulu.



Mynd 14. Melur að fá aukin gróðurhula vegna áburðaráhrifa

Minnisblaðið ritaði Guðrún Schmidt

10.3 Skoðunarferð ráðgjafarnefndar

Minnisblað 27. júní 2013

Skoðunarferð ráðgjafarnefndar Landbótasjóðs N-Héraðs (Baldur Grétarsson, Dagbjartur Jónsson og Guðrún Schmidt) um uppgræðslusvæði sjóðsins á heiðinni fór fram í seinna lagi eða þann 27. júní 2013. Vorið var snjópungt og bleytur á svæðinu framan af sumri. Kannaðar voru aðstæður og árangur uppgræðsluaðgerða og aðgerðir sumarsins ræddar og farið var „öfugan“ hring um svæðið. Allar myndir á þessu minnisblaði voru teknar þann 27.6.2013.

Skjöldólfsstaðir með Gilsá: Ákveðið var að bera aftur á þau svæði sem hafa hingað til bara fengið áburð í eitt skipti auk þess sem bera á þau svæði sem hafa dafnað síður en önnur. Nota á í heild 2,4 tonn af áburði hér og ef það verður afgangur þá á að færa sig lengra inneftir en nóg er af lítt grónum melum og litlum rofabörðum til uppgræðslu þar.

Jökuldalsheiði milli vega: Bera á 6 tonnum af áburði á Toddastykkið. Einnig á að bera á sérstaklega suð-austan við Toddastykkið inn að vegi þar sem borið var á 2008 og 2009 norður af Hlíðarenda. Unglingarnir eiga að halda áfram að bera á rofabörð í Lönguhlíð. Bera á aftur á uppgræðsluna frá því í fyrra milli vega sem grænkaði ágætlega og einnig norðan við rofabörð í Þrívörðuhálsi, í heild 6 tonn. Unglingahópurinn á að halda áfram að bera á rofabörð sem eru austan í Þrívörðuhálsi. Þar er mikill laus sandur og bera þarf vel ofan á börðin og styrkja sérstaklega víðinn og annan gróður.



Mynd 1: Rofabörðin í Toddastykkinu



Mynd 2: Milli vega: hér var borið á í fyrra



Mynd 3: Rofabörð austan í Þrívörðuhálsi.

Sænautasel: 6 tonnum af áburði á að bera á miðstykki á gildru-svæðinu og unglingarnir eiga að halda áfram að græða upp rofabörðin.



Mynd 4: Rofabörð sem unglingahópurinn hefur verið að vinna í. Hér væri best að nota hey með áburði og grasfræi til uppgræðslu.



Mynd 5: Góð framvinda á svæðinu.

Grunnavatnsalda: Í heild er áætlað að bera á 7,8 tonnum af áburði á svæðin við Grunnavatnsöldu. Lagt er til að bera á áburð á útenda í Grunnavatnsöldu og að unglingarnir bera í vegkantinn við Netselstanga og styrkja einnig víðinn þar með áburði. Handsá á í rofabörðin við Heiðarsel. Lagt er til að á næsta ári verði borið á mela utan við Heiðarsel.



Mynd 6: Áburðaráhrifin frá því í fyrra vel sjáanleg



Mynd 7: Hér væri gott að bera á á næsta ári.

Eiríksstaðir austan Polls: Skoðað var hvort það væri til hentug leið yfir kílinn inn á þetta svæði sem er hugsanlegt framtíðaruppgræðslusvæði. Lagt er til að byrja með 2,4 tonnum af áburði. Skoðað var hvort það væri hægt að fara yfir á rifinu við Heiðarsel.

Brú: Rétt innan við Svínabúðalæk er nýtt svæði þar sem borið var á í fyrra í fyrsta skipti. Árangurinn af því virðist vera góður og gróðurhulan hefur aukist. Bera þarf aftur á þetta svæði sem eru um 24 ha í ár. Ákveðið er að nota 3,6 tonnum af áburði í það. 6,6 tonn af áburði eiga að fara á svæðið innan og utan girðingar á Brú, efst í svæðinu, út við Grænöxl og teygja sig svo austur eins langt og áburðurinn dugar. Gullborgarsvæðið lítur vel út.

Múli: 4,8 tonn af áburði á að dreifa ofan vegar, efri hlutinn innan við Einarsvörðu. Einnig á að dreifa neðan vegar fyrir innan gilið og utan við læk eins og áburðurinn dugar.



Mynd 8: Uppgræðslusvæðið við Einarvörðu ofan vegar.



Mynd 9: Uppgræðslusvæðið við Einarvörðu ofan vegar.

Laugarvallardalur utar: Á þessu svæði á að dreifa 4,8 tonnum af áburði.



Mynd 10: Horft niður á uppgræðslusvæðið Laugarvallardalur utar.



Mynd 11: Horft inn í Laugarvallardal

Hallarfjall: Bera á 3 tonn af áburði á svæðið og færa sig utar en hingað til. Eins og alltaf á þessu svæði á að bera einungis á 100 kg/ha.



Mynd 12: Horft á uppgræðlusvæðið við Hallarfjall

Glúmsstaðardalur: Ákveðið var að sleppa því að bera á þetta svæði í ár. Það liggur svo afskekkt að það væri betra að bera á töluvert magn annað hvert ár.

Faxahús: Ekki verður borið á það svæði í sumar.

Skænudalur: Hér á að bera á efra svæðið með bara 100 kg/ha eins og áður á þessu svæði. Byrja á efst og vestast og stækka svæðið aðeins og færa sig svo niður og inn í tunguna að læknum. Þar á unglingahópurinn einnig að vinna í rofabörðum. 10,8 tonn af áburði eiga á fara á þetta svæði.



Mynd 13: Uppgæðslan á Faxahúsum tók vel við sig eftir áburðargjöf frá í fyrra

Hrafnkelsdalur:

2,4 tonn af áburði á að bera í rofsvæðin ofan vegar. Einnig á unglingahópurinn að vinna þar sem vélar komast ekki að.

Skriðan á Brú: Í vor féll stór skriða í landi Brúar rétt hjá uppgræðslusvæði utan Þveránna. Lagt er til að unglingahópurinn muni vinna að því að græða hana upp og bera á og sá grasfræ.



Mynd 14: Skriðan á Brú

Í heild virðist árangur af uppgræðsluaðgerðum frá því í fyrra vera góður. Á þessum slóðum var hlýtt og gott veður og ekki þurrt eins og á mörgum svæðum í kring. Eins var nægur snjó í vetur sem hlífði gróðri og stuðlaði að bættum vatnsbúskap í jarðvegi.



Mynd 15: Aðstæður sumstaðar á þessum slóðum þann 27.6.2013



Mynd 16: Aðstæður sumstaðar á þessum slóðum þann 27.6.2013

Minnisblaðið ritaði Guðrún Schmidt

10.4 Skoðunarferð ráðgjafarnefndar á Jökulsáreyrar 24. sept 2013.

Undirritaður fór ásamt Dagbjarti Jónssyni í skoðunarferð um Jökulsáreyrar 24. sept s.l. Dregist hefur nokkuð að fara í þessar skoðunarferðir vegna erfiðra aðstæðna hjá Guðrúnu Schmidh. Guðrún sá sér síðan ekki fært að koma með í þessa ferð og hafði orð um að líklega gæti hún ekki sinnt skoðunarferðum þetta haustið vegna breytinga á vinnuvettvangi hennar.

Galtastaðaeyrar ytri.

Byrjað var á að skoða nýja svæðið vestur af Galtasöðum út. Þetta svæði hefur tekið afar vel við áburði og tekið stakkaskiptum að okkur sýndist. Við teljum að taka megja nýja breidd til uppgræðslu í vesturátt og hvíla hitt svæðið sem hefur fengið áburð tvisvar.



Áborna svæðið var sumstaðar enn vel grænt.



Til norðurs. Tveggja ára áburðargjöf er greinileg.



Borið var á að kvíslinni, skilin eru skörp.



Tveggja ára breiðsla, Hnitbjörg í bakgrunni.


Galtastaðaeyrar fremri.

Melgresinu á Galtastaðaeyrunum fremri hefur einnig farið vel fram í sumar. Því sem sáð var þar síðast hefur rokið upp á þeim svæðum sem sáningin á annað borð lifði. Þar sem í fyrra rétt mátti merkja lítil strá upp úr sandinum voru komnar vöxtulegar melgresisbreiður og byrjarðar að safna í sig sandi og hækka jarðveg. Þarna teljum við að þurfi að halda áfram áburðargjöf til að halda þessari framför við. Eyrin innar, þar sem beringspunti var sáð á sínum tíma, lítur frekar illa út eftir flóðin í vor. Við gerðum okkur vonir um flóðin hefðu nært gróður með áburðarefnum en aðeins virtist hafa lifnað þar sem raki var í lægðum. Trúlega hafa þurrkarnir í sumar einnig haft þarna neikvæð áhrif. Beringspunturinn, sem þarna var orðinn býsna

fallegur og myndaði fræ, er heldur ótótlegur eftir sumarið og sandur hefur fokið á hann á jöðrum svæðisins. Fræmyndun er sáralítill nema þar sem áburður lenti á mörkum við melgresið og eins í lænum þar sem raki er meiri. Skoða verður næsta vor hvort ástæða þykir að hressa svæðið við með áburði og ekki síst gróðurjaðrana sem hætt er við að hopi undan áfoki sands.



Vöxtulegt melgresi á Galtastaðaevrum fremri.



Svæðið með beringspunti er litlaust eftir flóðin.



Rokið sá um frædreifingu hjá melgresinu.



Þessir toppar voru vart sjáanlegir í fyrra.



Melgresið er fallet eftir sumarið.



Áfoknir jaðrar beringspuntssvæðis.

Eyri hjá Hrærekslæk.

Hrærekslækjareyrin lítur vel út og hefur sennilega sloppið við yfirflæði að mestu leyti.

Eyrar hjá Litla-Bakka.

Gróður á eyrunum fyrir neðan Litla-Bakka stendur sig nokkuð vel að öðru leyti en því að okkur sýnist að brotið hafi af stóran hluta af gróðursvæðinu framanverðu í flóðunum sl. vor. Þarna hefur áin breytt sér þannig að hún hefur rekið þverkvíslar utar en þær voru, og þar með minnkað gróðureyrina innanverða.



Kvíslarnar tóku stórt horn af uppgæðslusvæði.



Jökla gróf dal í eyrina neðan Blöndubakka í vor.

Veiðieyrin:

Á Veiðieyrinni niður af Fossvöllum lifir ágætlega sá gróður sem er. Þessi eyri er umflotin vatni þegar flóð koma og hefur gróðurinn hopað á jöðrum. Trúlega lifir áfram sá gróður sem er, nema til komi stærri flóð en flóðið sl. vor.



Veiðieyrin stendur sig þrátt fyrir ágang Jöklu.



Jökla lúrir í snotru gili innan við Veiðieyri .

Hrafnabjargaeyrar:


Hrafnabjargaeyrar eru lítið breyttar að sjá en þar er gjarnan töluvert bitið að gæsum og fénaði.

Surtsstaðaeýrar:

Á Surtsstaðaeýrunum fremst er lítið eftir af gróðri þar sem farvegur Jöklu er þrengstur og þýðir vísit lítt að reyna aftur uppgæðslu. Sá litli gróður sem sloppið hefur í flóðum undanfarinna ára er vel lifandi en það er brot af því sem orðið var gróið fyrir stóru flóðin.

Ytri Surtstaðaeyrin stendur sig ágætlega miðað við það að þarna flæddi yfir. Birkihríslurnar sem plantað var eru hverfandi. Aðeins sáum við eina og eina sem berst fyrir lífinu en stækka ekkert enn. Þær virðast að mestu horfnar. Nokkur merki eru um að gulvíðir og stöku birkiplanta er að nema land þarna á eyrinni en það er aðeins vísir. Tilraun væri að fá leyfi til taka góða birkihnausa í landi með smágröfu og skáka hér og þar í eyrina, s.s. eins og 20 runnum og sjá hvort það gengi ekki betur. Þessi eyri yrði augnayndi með runnagróðri svo skammt frá þjóðvegi.

Vaðið yfir litlu kvíslina hefur sjáanlega breytt sér í vor en vel er fært yfir ennþá.



Surtstaðaeyrin ytri fór á kaf en gróður lifir.



Vísar af gulvíði eru hér og þar á eyrinni.

Breiðamörk:

Eyrin hjá Breiðumörk er svipuð að því leyti að framför er afskaplega hæg. Gróður er þar vel lifandi þó. Áburðgjöf hefur aldrei haft mikið að segja á gróður þarna, enda ganga hross ennþá á svæðinu. Heydreifing sem þarna var framkvæmd í vor mun breyta ástandi melana til batnaðar þótt svæðið sé ekki stórt. Hross hafa hraukað talsvert saman við heyið sem er til bóta. Í rokinu sem kom í haust hefur heyi kófað fram af brúnunum og myndað slæður og tauma niður í bakkana. Eitthvað þyntist á mótí sumsstaðar uppi á melunum en náttúran hefur alltaf sín áhrif á gang mála.



Heydreifing Breiðumörk séð úr Tungu.



Heyi hefur kófað fram af bökkum.



Heyið myndar víða hulu í bökkunum.



Nýgræðingur sást innan um heyið.

Hlíðargarður:

Eyrin hjá Hlíðargarði var aðeins skoðuð úr fjarlægð en hún var metin svo góð í fyrra að ákveðið var að hvíla hana um sinn.

Hnitbjörg/Hólmatunga:

Eyrarnar á Hnitbjörgum og Hólmatungu hafa svarað áburði ágætlega í sumar og sást áburðardreifingin greinilega. Þarna virðist beit standa nokkuð fyrir fræmyndun, ekki síst gæsabeit. Gróður heldur enn ótrúlega velli þeim svæðum sem alltaf fara á kaf í stærstu flóðum en hafa ekki fengið áburð frá því stóru flóðin byrjuðu. Spurning, hver viljinn er í svoleiðis tilfellum en ekki má búast við mikilli framför á þeim svæðum ef svipaðra flóða er að vænta, frekar afföllum, og svæðið er allvíðfeðmt.



Víða eru fallegir blettir eftir sumarið.



Ábornu svæðin skera sig úr.



Rýrir mosablettir voru styrktir.



Svæðið austur af Hólmatunqu.



Áranqur hjá Hnitbjörgum er góður í ár.



Víða grær vel í hjólförum áburðartraktora.

Dýjafjall:

Ekki var farið á Dýjafjall enda snjó að sjá þar efra. Dagbjartur gat þess að á ferð sinni yfir Hellisheiði fyrr í sumar hefði hann horft yfir á þetta svæði og mátti þá greinilega sjá grænan lit þar sem áburði hafði verið dreift.

Að lokum:

Áberandi var víðast hvar þar sem við fórum hvað gróður hafði sölnað, enda búið að vera mjög þurrt lengst af í sumar.

Víða má sjá að Jökulsáin hefur breytt sér í flóðunum í vor og rótað til malareyrum, sérstaklega í Fram-Hlíðinni. Þessar breytingar hafa þó ekki allsstaðar spilt uppgræðslusvæðum, en sýnir að Jökla er ekki alveg dauð úr öllum æðum og enn til alls vís.

Til stendur að fara á Heiðarnar síðar þar sem við höfum fregnað að snjór sé með minna móti eftir því sem innar dregur í landið. Nokkrar annir eru fram undan hjá okkur Dagbjarti en við munum reyna að komast í þá skoðun við fyrsta tækifæri ef tíðarfar leyfir.

Baldur Grétarsson.

10.5 Skoðunarferð ráðgjafarnefndar á heiðarsvæði, 7. okt. 2013.

Undirritaður fór ásamt Dagbjarti Jónssyni og Rúnari Inga Hjartarsyni, nýráðnum landgræðslufulltrúa, á uppgræðslusvæði Norður-Héraðs til dala og heiða, þann 7. október 2013.

Farinn var hefðbundinn hringur um svæðin. Það sem helst var sammerkt með svæðunum að svörun dreifingar frá síðastliðnu sumri var ekki áberandi ennþá, nema þar sem handdreift var í börð. Þó mátti sjá að sauðkindur voru víða á beit á ábornu svæðunum frá sumrinu, sem segir til um að einhver árangur muni þar vera. Sumarið var með þurrara móti á þessum slóðum.

Það sem vakti sérstaka athygli í þessari ferð var hve góð framvinda er á svæðum sem fengu fyrst áburð 2011 og aftur í fyrra, 2012. Þarna er ein mesta framför sem undirritaður hefur séð á sínum ferðum fyrir Landbótasjóð þrátt fyrir að árangur var lítt merkjanlegur í haustferðinni 2011.

Ekki voru meðferðis GPS-gögn frá verktökum yfir dreifingu sumarsins. Af ýmsum ástæðum hafði tafist að lesa þau í gagnagrunna og tengja við aðgerðir, en Rúnar upplýsti að þau mál væru að leysast.

Börð utan við Þverá:

Sýnilegt var að unglingaflokkurinn hafði staðið vel að áburðardreifingu í framhlaupinu. Sjá mátti grænan blæ á allri skriðunni frá neðstu rótum til upptaka. Börðin innan við, sem unglingarnir hafa nuddað við á undanförunum árum, höfðu líka fengið sinn skammt. Grófunum utan við, sem breiddar voru í fyrra, hefur líklega verið sleppt í ár en samt er þar breyting til hins betra.



Börðin innan við framhlaupið.



Framhlaupið og grófirnar utan við.

Hrafnkelsdalur:

Vel var sýnileg vinna unglingana við börðin, þar voru grænir kragar allsstaðar sjáanlegir. Grasið nær hinsvegar ekki að vaxa nægilega upp í börðin vegna beitarinnar, en við því er lítið að gera annað en halda í horfi áfram. Véldreift var á móts við Þórisstaði og inneftir, eins og áburður entist. Sýndist nefndinni að gott væri að halda þaðan, áfram inneftir, á næsta ári.




Börðin utan við Aðalból sem unglingsflokkurinn hefur séð um undanfarin ár.

Skænudalur:

Þar var sömuleiðis vel sjáanleg vinna unglinga í börðum neðan til á Skænudal. Véldreifing fór fram á vestursvæðinu sl. sumar og nýjum sveig bætt við vestast til að laga heildarmyndina. Þar ber lítið á árangri ennþá en þó vel merkjanlegt. Austursvæðið, niður með slóð, fékk því engan áburð í ár og verður líklega að þola annað sumar án áburðar þar sem meiri þörf virðist inn á Faxagilssvæðinu.

Faxagilssvæði:

Þar blasti við ótrúlega góður árangur síðustu aðgerða, sem var áburðargjöf á ósnert svæði á ysta hluta, fyrst 2011 og aftur 2012. Þessi partur virðist kominn fram úr fyrri uppgræðslu á svæðinu eins og hann lítur út í dag. Eldri svæðin virtust sultarleg í samanburðinum og taldi nefndin að ekki yrði undan hlaupist að leggja áherslu á breiðslu þar á næsta ári.



Faxagilssvæði; tungan til vesturs sem tekin var til uppgræðslu 2011 er áberandi falleg.

Glúmsstaðadalur:

Þar var sama sagan; góður árangur síðustu breiðslu. Reyndar svo góður að lítill sem enginn munur var að sjá á uppgræslunni og hinum grónari svæðum sem fyrir voru.

Hallarfjall:

Sama saga hér; góð framvinda frá 2011 og 2012 en minna merkjanleg frá því í sumar. Hér er meiningin að gefa hverjum áfanga aðeins tvisvar áburð í litlum skömmtum og verður fróðlegt að sjá hvað gerist á viðbótinni frá því í vor eftir síðari breiðsluna sem fram fer á sumri komanda.

Svæðið í mynni Laugavalladals:

Hér virðist melgresið hafa tekið vel við sér og var mat nefndarinnar að nauðsynlegt væri að styrkja þetta svæði áfram þar sem enn eru opin rof og uppfok. Undirritaður telur að melgresið hafi eflst töluvert frá árinu 2010 þegar ákveðið var að hefja þarna áburðargjöf. Á skilunum milli uppgræðsluhlutans og gróðurs við ána er belti sem ráð væri að styrkja þar sem gróðurhulan er viðkvæm að sjá því töluverður vikur Dyngjufjallagosi virðist hafa safnast þarna á sínum tíma.



Melgresið er í framför og fræmyndun góð á svæðinu, þrátt fyrir opin rof og uppfok með köflum.



Dagbjartur Jónsson metur árangurinn.

Í ársskýrslu 2010 er mynd frá líku sjónarhorni.

Múli:

Svæðið sem véldreift var sl. sumar svarar þokkalega áburði og má vænta að gróður njóti þeirrar áburðargjafar einnig á næsta ári. Svæðið út með veginum, vestan og utan við vörðuna, er meðal þeirra svæða sem fengu áburð 2011 og 2012 og lítur afar vel út. Svæðið neðan brekkna innan við Djúpagil sem borið var á 2010 og 2011, auk handdreifingar í börð 2012, hefur lokað sér afar vel. Þarna voru leirflög og rofabörð í byrjun og aðgengi erfitt. Í dag er svæðið loðið grasi, engu minna en á svæðunum í kring.



Svæðið vestan við vörðuna var áberandi.



Leirflögin neðan við fönnina eru nú grasi vaxin.

Brú:

Ábuður fór á miðsvæðið utan og innan girðingar. Þar var ekki orðinn sjáanlegur árangur en hópur sauðkinda á svæðinu sagði okkur að þar væri bragð að.



Bragð er að þá Brúarskjátur finna.

Sporðurinn innan við Svínabúðarlæk hefur verið breiddur undanfarin tvö sumur og komin tenging við gróðursvæði í láginni vestan við. Þessi uppgræðsla er orðin vel sjáanleg og lítur vel út. Þó hefur orðið eftir ógróinn kragi út við lækinn og inn með beggja vegna. Þessu mætti gefa áburð þar sem kraginn stingur orðið mjög í stúf við svæðið í kring.

Eiríksstaðablettur austan við Rifspoll:

Þarna var borið á í fyrsta sinn í sumar. Gott vað fannst á lænunni í Þverárvatnið og vel gekk að koma tækjum á svæðið. Ekki var hægt að greina vel árangur breiðslunnar úr fjarlægð en vænta má að hún sjáist betur á næsta ári.

Unglingavinna við Heiðarsel og Netsel:

Farið var í börð utan við Heiðarsel sem ekki hefur verið borið í fyrr. Árangur var sjáanlegur, en betur má gera. Nefndin hyggur að ekki veitti af tveimur pokum þarna, en það ræðst í samráði við Arnór á næsta ári.

Börðin innan við Grunnavatnslækinn voru aftur handbreidd af unglingaflokknum og ljóst að þær aðgerðir eru til mikilla bóta.

Unglingarnir sáðu aftur í vatnsrásirnar með Netselsveginum og nú sést nýgræðingur meira en í fyrra. Þó er kafli neðarlega sem svarar verr. Trúlega vegna þess að fláarnir þar eru brattari og fræsæti erfiðara af þeim sökum.

Grunnavatnsalda:

Þegar ekið var út eftir Grunnavatnsöldu var að sjá áberandi besta stykkið sem borið var á í fyrra 2012. Í ljósi þess og því sem að framan hefur verið getið, má áætla að sumarið í fyrra hafi verið sérstaklega hagstætt uppgræðslu á þessu svæði í heild. Áburðargjöfin frá sumrinu í sumar er hins vegar lítt sjáanleg enn. Hún fór á ystahluta öldunnar austan við veg, og byrjað með restinni yst, vestan vegar. Þar er ætlun að halda áfram inneftir öldunni á næsta ári.



Grunnavatnsalda; austan við veginn er framvinda með ágætum eins og vel má sjá.

Sænautasel/Gildrusvæði:

Borið var á vestari melinn yst á svæðinu. Austari melurinn átti að njóta þess ef afgangur yrði, en ekki var sjáalegt að þar hefði lent neinn áburður. Nefndin álítur að á austari melinn væri tímabært að dreifa næsta sumar. Stóru börðin austan við þessa mela voru breidd af unglingunum og þar er enn þörf á áframhaldandi aðgerðum.

Botnahraun:

Flatlendið vestan Botnahrauns var véldreift í sumar og hlíðin vestan við eins hægt var. Rofabörðin í þeirri hlíð hafa fengið áburð tvö undanfarin sumur af höndum unglinganna. Hlíðin er öll heldur lausmolda og þess vegna var reynt að beina vélunum í hlíðarnar eins og hægt var til að festa jarðveg á stærra svæði.

Langahlíð:

Þar er enn eitt dæmið um óvenju góða framvindu vegna áburðargjafar 2011 og 2012. Svæðið utan við veginn þar hann sveigir yfir Hlíðarendann var ekki mjög beisið í haustferðinni 2011 en sker sig úr í dag eins og sambærileg svæði annarsstaðar.

Í börðunum austan í Hlíðarendanum mátti sjá verk unglínganna úr góðri fjarlægð sem og annarsstaðar þar sem þau lögðu hendur að.

Toddastykki:

Ólíkt sumum öðrum svæðum mátti greinilega sjá af þjóðveginum ágæta svörun áburðarins frá sumrinu. Grænn blær var á öllu svæðinu sem fékk áburð. Ætla má að þessi hluti heiðarinnar hafi notið meiri raka í sumar en svæðin innar.

Svæðið upp með Gilsá bak við Hnjúk:

Ekki þótti ráðlegt að breiða þetta svæði eins og ráð var fyrir gert. Svæðið reyndist svo blautt í byrjun sumars að talið var að vélarnar mundu valda þar landspjöllum við dreifingu. Ákvörðun var því tekin um að bæta þessum áburði á svæðið vestan Botnahrauns. Síðar mætti gera Gilsársvæðinu betri skil þegar aðstæður verða hagstæðari.

Að lokum:

Margar myndanna sem teknar voru í ferðinni urðu dökkar þar sem loft var heldur dumbungslegt. Þær skárstu eru birtar hér að framan á viðeigandi stöðum. Hér síðast er mynd af stökum melgresishnaus sem varð á vegi okkar út með Reykjará, áður en komið er að Múla:



Baldur Grétarsson.

11 Stjórnarfundargerðir 2013

11.1 Fundargerð 62. fundar Landbótasjóðs Norður Héraðs 28.02.2013

Mætt voru: Guðmundur Ólason, Sigvaldi Ragnarsson, Anna H. Bragadóttir.

Fundur settur kl.16:10 á skrifstofu sveitarfélagsins á Egilsstöðum. Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. **Ársreikningur Landbótasjóðs Norður Héraðs 2012:** Sigurður Pálsson endurskoðandi mætti til fundar undir þessum lið og fór yfir reikninginn með fundarmönnum. Hrein eign sjóðsins í árslok er kr. 289.939.357 Til ráðstöfunar á árinu 2013 eru áætlaðar 16,6 milljónir sem byggir á að raunávöxtun sjóðsins verði 2,5%. Að lokinni yfirferð var reikningurinn samþykktur. Senda þarf ársreikninginn til ríkisendurskoðunar, Landsvirkjunar, ráðgjafanefndar sjóðsins, bæjarstjóra og aðal og varamanna stjórnar. Sigurði þökkuað koman og vék hann síðan af fundi.
2. **Áburðarkaup 2013:** Samþykkt að óska eftir verði í allt að 100 tonn af áburði frá áburðarsölum fyrir næsta fund sem er fyrirhugaður 14. mars n.k. kl 16:00

Fleira ekki gert fundi slitið kl.17:45

11.2 Fundargerð 63. fundar Landbótasjóðs Norður Héraðs 14.03.2013

Mætt voru: Guðmundur Ólason, Sigvaldi H. Ragnarsson, Anna H. Bragadóttir. Frá ráðgjafanefnd voru mætt Guðrún Schmidt og Dagbjartur Jónsson. Auk þess voru mættir sölufulltrúar áburðar Helgi Haukur Hauksson, Helgi Rúnar Elisson og Vignir Elvar Vignisson vegna liðar 1

Fundur settur kl.14:00 í fundarsal sveitarfélagsins Lyngáasi 12. Formaður setti fund, bauð fundarmenn velkomna og kynnti sölufulltrúum að stjórn landbótasjóðs áskilur sér allan rétt til að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum.

3. **Áburðarkaup opnun tilboða 2013:** Borist hafa eftirfarandi tilboð frá:
Skeljung: Sprettur 23.12. alls 100 tonn kr.7.386.372 án vsk.9.269.897 með vsk Tilboð miðast við afhendingu á Reyðarfirði.
Frávikstilboð **Sprettur 26.13** alls 88,5 tonn kr 7.061.259 8.861.880 með vsk Tilboð miðast við afhendingu á Reyðarfirði.

Fóðurlöndu: Fjölmóði 2. Allt að 100 tonn kr.78.432 pr tonn án vsk, Tilboð miðast við afhendingu á Reyðarfirði.

Sláturfélag Suðurlands: Yara 26.6. 88,5 tonn kr.83.186 án vsk pr tonn, kr.7.358.762 án vsk. 104.398 pr tonn með vsk, heildarupphæð 9.235.246 með vsk. Tilboð miðast við afgreiðslu á Reyðarfirði eða Vopnafirði
Baldur Grétarsson mætti hér til fundar

Búvís : Völlur 27.12 kr 82.260 pr tonn án vsk, 50 tonn 3.948.480 **Völlur 30** kr 76.890 pr tonn án vsk, 50 tonn 3.575.385 eða alls 7.523.865 án vsk. Alls með vsk kr 9.442.451

Völlur 30 kr 76.890 pr tonn án vsk, 100 tonn alls 7.150.770 án vsk. Alls með vsk kr 8.974.216

Völlur 27.12 kr 82.260 pr tonn án vsk, 100 tonn alls 7.896.960 án vsk. Alls með vsk kr 9.910.685

Stjórn Landbótasjóðs, ásamt Guðrúnu og Dagbjarti fóru yfir tilboðin. Að vandlega íhuguðu máli var ákveðið að ganga til samninga við Skeljung um kaup á áburði 2013 Sprettur 23.12 alls 100 tonn miðað við afgreiðslu á Reyðarfirði. Komi fram gallar við dreifingu verði áburður bættur. Baldur Grétarsson vék af fundi við afgreiðslu þessa liðar.

4. **Verkefni sumarsins:** Ráðgjafanefnd kom saman til fundar vegna uppgræðslu sumarsins fyrr í dag. Áætlað er að dreifa 100 tonnum af áburði þetta árið þar af um 9 tonn á áreyrar, 7,2 tonn á vegum sumarvinnuflokks LV og rúm 17 tonn í bændadreifingu.

Fleira ekki gert fundi slitið kl.16:30

Fundargerð ritaði Anna Bragadóttir.

11.3 Fundargerð 64. fundar Landbótasjóðs Norður Héraðs 18.11.2013

Mætt voru: Guðmundur Ólason, Sigvaldi Ragnarsson, Anna H. Bragadóttir.

Fundur settur kl.19:00 á Egilsstöðum. Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

5. **Alcoa Foundation Grant Approval:** Landbótasjóður sótti um styrk til Alcoa Foundation. Austurbrú hefur aðstoðað sjóðinn við umsóknarferlið. Styrkur hefur fengist til þriggja ára USD75000 eða USD25000 pr. ár. Með tilkomu styrksins verður hægt að stunda uppgræðslu á stærra svæði en annars hefði verið hægt. Fjölmíðlakynning þarf að fara fram á verkefninu. Hugsanlega er best að ráðstafa styrknum á afmarkað svæði. Framvinduskýrslum þarf að skila fyrir eftirfarandi dagsetningar: 30.ágúst 2014, 28.febrúar 2015, 30. ágúst 2015, 30.mars 2016 og lokaskýrslu 30.september 2016 Samþykkt að óska eftir fundi með ráðgjafanefnd sjóðsins og upplýsingafulltrúa Alcoa í byrjun næsta árs.
6. **Landgræðslan.** Rúnar Ingi Hjartarson hefur verið ráðinn héraðsfulltrúi landgræðslunnar á Austurlandi og tekur sæti í ráðgjafanefnd Landbótasjóðs.
7. **Uppgjörsmál 2013** Farið var yfir uppgjörsmál ársins

Fleira ekki gert fundi slitið kl.21:40

Landbótasjóður Norður-Héraðs

Ársreikningur

2013

Landbótasjóður Norður-Héraðs
Brúarási
701 Egilsstaðir
kt. 450204-3150

Landbótasjóður Norður-Héraðs

Ársreikningur

2013

Efnisyfirlit

Könnunaráritun óháðs endurskoðanda	2
Skýrsla stjórnar	3
Yfirlit um ráðstöfunarfé	4
Efnahagsreikningur	5
Yfirlit um sjóðstreymi	6
Skýringar og sundurliðanir	7-9

Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Landbótasjóðs Norður-Héraðs.

Við höfum kannað meðfylgjandi ársreikning Landbótasjóðs Norður-Héraðs fyrir árið 2013. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit um ráðstöfunarfé, efnahagsreikning og yfirlit um sjóðstreymi, auk skýringa og sundurliðana.

Ábyrgð stjórnar á ársreikningnum

Stjórn sjóðsins er ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um ársreikninginn sem byggð er á könnuninni.

Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2400, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á ársreikningum. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum félagsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn viðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við álit um endurskoðun ekki í ljós.

Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að ársreikningurinn gefi glögga mynd af ráðstöfunarfé sjóðsins á árinu 2013, hreinni eign hans 31. desember 2013 og breytingu á handbæru fé á árinu 2013, í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur á Íslandi.

Egilsstöðum, 20. janúar 2014

Deloitte ehf.



Sigurður Alfgeir Sigurðarson
endurskoðandi

Skýrsla stjórnar

Að áliti stjórnar Landbótasjóðs Norður-Héraðs koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu sjóðsins í árslok, starfsemi ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Landbótasjóður Norður-Héraðs var stofnaður á árinu 2003 með skipulagsskrá, sem staðfest var af ráðherra dómsmála. Markmið sjóðsins er einkum að annast umsýslu á framlagi Landsvirkjunar, samanber nánari umfjöllun í skýringu nr. 1 í ársreikningnum.

Samkvæmt skipulagsskrá er stjórn sjóðsins heimilt að úthluta árlega jafngildi raunvaxta sjóðsins auk 1/40 hluta eigin fjár hans, þannig að sjóðurinn eyðist upp á 40 árum. Eins og fram kemur í skýringu nr. 6 í ársreikningnum nam heimil úthlutun samkvæmt þessu 14,9 millj. kr. á árinu, en óráðstafað frá fyrra ári nam 15 þús. kr. Ráðstöfun á árinu nam 15,1 millj. kr., og ofráðstöfun ársins 130 þús kr.. Miðað við núverandi vaxtakjör á eignum sjóðsins má áætla að til úthlutunar á árinu 2014 geti orðið u.þ.b. 18,8 milljónir króna. Í þeirri upphæð er gert ráð fyrir að fyrsta greiðsla styrks frá Alcoa sem fékkst árið 2013 verði notuð á árinu 2014 sbr. skýringu 4.

Stjórn Landbótasjóðs Norður-Héraðs staðfestir hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2013 með undirritun sinni.

Brúarási, 20. janúar 2014

Í stjórn

Anna H. Bragadóttir
Sigvaldi H. Ragnarsson
Guðmundur Óleir

Yfirlit um ráðstöfunarfé 2013

	Skýr.	2013	2012
Innborguð framlög			
Framlög Landsvirkjunar	3	4.000.000	4.000.000
Greiddar verðbætur Landsvirkjunar	3	4.573.487	4.329.971
Hreindýraaður		297.152	374.970
Framlög frá Alcoa	4	3.050.518	0
		<u>11.921.157</u>	<u>8.704.941</u>
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur	9	16.833.208	19.189.466
Fjármagnstekjuskattur	9	(2.762.376)	(3.837.893)
		<u>14.070.832</u>	<u>15.351.573</u>
		<u>25.991.989</u>	<u>24.056.514</u>
Útgjöld			
Kostnaður við landbætur og annar kostnaður	10	(15.070.193)	(13.464.319)
		<u>(15.070.193)</u>	<u>(13.464.319)</u>
Aðrir liðir			
Óhafin framlög Landsvirkjunar, breyting	3	(7.432.277)	(5.809.798)
		<u>(7.432.277)</u>	<u>(5.809.798)</u>
Hækkun á hreinni eign á árinu			
	6	3.489.519	4.782.397
Hrein eign frá fyrra ári			
		<u>289.939.357</u>	<u>285.156.960</u>
Hrein eign í árslok			
	6	<u>293.428.876</u>	<u>289.939.357</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2013

	Skýr.	31.12.2013	31.12.2012
Eignir			
Langtímakröfur			
Óhafin framlög Landsvirkjunar	3	34.368.876	41.801.153
		<u>34.368.876</u>	<u>41.801.153</u>
Handbært fé			
Bankainnstæður	5	259.060.594	248.187.674
		<u>259.060.594</u>	<u>248.187.674</u>
		<u>293.429.470</u>	<u>289.988.827</u>
Skuldir			
Skammtímaskuldir			
Ógreiddur launakostnaður		594	0
Annar ógreiddur kostnaður		0	49.470
		<u>594</u>	<u>49.470</u>
Hrein eign		<u>293.428.876</u>	<u>289.939.357</u>
Hrein eign			
(Ofráðstöfuð) óráðstöfuð heimild til úthlutunar	6	(130.377)	14.798
Til ráðstöfunar síðar	6	<u>293.559.253</u>	<u>289.924.559</u>
Hrein eign samtals		<u>293.428.876</u>	<u>289.939.357</u>

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2013

	Skýr.	2013	2012
Inngreiðslur			
Innborguð framlög Landsvirkjunar	3	8.573.487	8.329.971
Aðrar innborgaðar tekjur	6	3.347.670	374.970
Innborgaðir vextir	9	14.070.832	15.351.573
		<u>25.991.989</u>	<u>24.056.514</u>
Útgreiðslur			
Útborgaður landbótakostnaður og annar kostnaður		(15.119.069)	(13.687.665)
		<u>(15.119.069)</u>	<u>(13.687.665)</u>
Hækkun á handbæru fé		10.872.920	10.368.849
Handbært fé í ársbyrjun		248.187.674	237.818.825
Handbært fé í lok árs		<u>259.060.594</u>	<u>248.187.674</u>

Skýringar og sundurliðanir

1. Starfsemi

Landbótasjóður Norður-Héraðs var stofnsettur árið 2003 og var skipulagsskrá hans staðfest af ráðherra í október það ár.

Markmiðið með stofnun sjóðsins er einkum að annast umsýslu á framlagi Landsvirkjunar, skv. samningi við sveitarfélagið Norður-Hérað, um uppgræðslu til endurheimtu gróðurlendis sem tapast vegna byggingar Kárahnjúkavirkjunar. Í skipulagsskránni er markmiðum sjóðsins lýst nánar. Kemur þar meðal annars fram, að stjórn sjóðsins sé heimilt að nýta til úthlutunar úr sjóðnum jafngildi raunvaxta hvers árs að viðbættum 2,5% af eigin fé hans, þannig að sjóðurinn eyðist upp á eigi skemmri tíma en 40 árum, frá og með árinu 2003 að telja. Í skýringu nr. 5 hér á eftir er gerð grein fyrir hvaða fjárhæð var frjáls til úthlutunar á árinu og fyrra ári.

2. Reikningsskilaaðferðir

Ársreikningurinn er í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju á Íslandi. Ársreikningurinn er gerður eftir kostnaðarverðsaðferð.

Í stað hefðbundins rekstrarreiknings inniheldur ársreikningurinn yfirlit um ráðstöfunarfé. Er þar gerð grein fyrir innborgun fjármuna til sjóðsins og ráðstöfun fjármuna til verkefna hans.

Eignir og skuldir sem bundnar eru vísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar upp miðað við verðlag eða gengi í árslok.

Aðrar reikningsskilaaðferðir sem snerta einstök efnisatriði ársreikningsins eru tilgreindar í skýringum hér á eftir.

3. Framlög Landsvirkjunar

Fjárframlög Landsvirkjunar samkvæmt samningi við Norður-Hérað nema alls kr. 200.000.000, og skulu þau greiddast á 15 árum. Framlögin eru verðtryggt með vísitölu byggingakostnaðar og er grunnvísitala miðuð við septembermánuð 2002, eða 277,6 stig.

Landsvirkjun hefur þegar greitt kr. 184.000.000 af ofangreindri fjárhæð, auk verðbóta. Samningsfjárhæðir sundurliðast þannig:

	2013	2012
Greidd framlög til þessa, nafnverð.....	184.000.000	180.000.000
Verðbætur við greiðslur.....	32.270.893	27.697.406
Greitt alls.....	216.270.893	207.697.406
Framlög til og með árinu 2017.....	16.000.000	20.000.000
Afallnar verðbætur í árslok.....	18.368.876	21.801.153
Óhafin framlög samtals.....	34.368.876	41.801.153
	<u>250.639.769</u>	<u>249.498.559</u>

Skýringar og sundurliðanir

4. Framlög frá Alcoa

Landbótasjóður sótti um styrk til Alcoa Foundation. Styrkur hefur fengist til þriggja ára upp á USD 75.000 og greiðist jafnt yfir tímann, þ.e. USD 25.000 pr. ár. Styrkurinn er ætlaður til uppgræðslu á landi. Fyrsti hluti styrksins fékkst greiddur 2013 og verður notaður 2014 og sá seinasti verður greiddur 2015 og notaður 2016.

5. Handbært fé

Handbært fé er ávaxtað á Bakhjarlsreikningi hjá Sparisjóði Norðfjarðar.

6. Hrein eign

Breytingar á hreinni eign greinast þannig:

	2013	2012
Langtímahluti:		
Frá fyrra ári	289.924.559	286.621.438
Verðtrygging höfuðstóls	10.601.719	12.967.273
Laust til ráðstöfunar, 1/30 (1/31) hluti	(10.017.543)	(9.664.152)
	<u>290.508.735</u>	<u>289.924.559</u>
Skammtímahluti:		
Frá fyrra ári	14.798	(1.464.478)
Til ráðstöfunar af höfuðstól, sjá ofar	10.017.543	9.664.152
Fjármunatekjur umfram verðtryggingu höfuðstóls	4.610.323	4.904.473
Hreindýraarður	297.152	374.970
Ráðstafað á árinu	(15.070.193)	(13.464.319)
Óráðstöfuð (ofráðstöfuð) heimild í árslok	<u>(130.377)</u>	<u>14.798</u>
Framlög frá Alcoa	3.050.518	0
Hrein eign samtals	<u><u>293.428.876</u></u>	<u><u>289.939.357</u></u>

7. Skattamál

Landbótasjóður Norður-Héraðs er undanþeginn tekjuskatti.

8. Ábyrgðir og veðsetningar

Ábyrgðir utan efnahagsreiknings eru engar.

Skýringar og sundurliðanir

9. Önnur mál

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

	2013	2012
Vextir af bankareikningi.....	16.833.208	19.189.466
Afdreginn fjármagnstekjuskattur.....	(2.762.376)	(3.837.893)
	<u>14.070.832</u>	<u>15.351.573</u>

10. Kostnaður við landbætur og annar kostnaður

Sundurliðast þannig:

Áburður og fræ	9.834.652	9.903.423
Aðkeypt vinna verktaka	3.255.084	2.056.313
Flutningskostnaður	900.688	702.511
Vinnulaun	456.600	265.800
Akstur	120.292	59.013
Tryggingagjald	47.172	26.960
Lífeyrissjóður	36.528	21.264
Endurhæfingarsjóður	594	346
Fundakostnaður	18.080	44.000
Bókhald og reikningsskil	400.503	384.689
	<u>15.070.193</u>	<u>13.464.319</u>